

Bikarkeppni SSÍ 2024

Bikarkeppni SSÍ fer í þetta skiptið fram í Vatnaveröld í samvinnu við Íþróttabandalag Reykjanesbæjar. Keppt verður í 25m laug, á 6 brautum og verður greinum skipt í þrjá mótshluta. Mótsdagar eru 20. og 21. desember.

Liðum í keppninni er skipað í deildir með eftirfarandi hætti: Í 1. deild keppa 6 stigahæstu kvennalið og 6 stigahæstu karlalið frá síðustu Bikarkeppni. Fjöldi liða í 2. deild ræðst af þátttöku. Stjórn SSÍ getur boðið b-liðum félaga til þátttöku í keppni í 2. deild þannig að keppni í deildinni sé fullskipuð. B-lið geta ekki unnið sig upp um deild.

Skráning félaga

Lið tilkynna þátttöku með minnst 15 daga fyrirvara og er tilkynningin bindandi. Sé b-liðum boðin þátttaka er það gert með minnst 10 daga fyrirvara. Með þátttökutilkynningu skal fylgja keppendalisti sem inniheldur keppendur sem og varamenn. Félögum er heimilt að breyta keppendalistanum um leið og skráningum í greinar er skilað en það þarf að gera eigi síðar en 2 sólarhringum fyrir upphaf móts.

Hvert lið má senda tvo keppendur í hverja grein og eina boðsundssveit í hvert boðsund. Hver keppandi má synda í mest þremur greinum auk boðsunda. Keppendur skulu vera 11 ára og eldri á árinu. Keppt er sérstaklega í kvenna- og karlaflokkum.

Mótið er blaðlaust sem þýðir að ráslistar verða einungis opinberaðir á skortöflu laugarinnar fyrir hvert sund. Starfsfólk SSÍ hefur aðgengi að skráningum félaga en mótsstjórar og yfirdómarar mótsins fá keppendalista afhenta við upphaf hvers hluta.

Skráningafrestur

- Þátttökutilkynning félaga skal skilað inn í síðasta lagi fimmtudaginn 5. desember.
- Skráningar í greinar skal skilað í síðasta lagi kl. 12:00, miðvikudaginn 18. desember.
- SSÍ skal bjóða B-liðum þátttöku í síðasta lagi þriðjudaginn 10. desember.

Fyrirkomulag og tímaáætlun

Fyrirkomulagið og greinaröðun verður sú sama og 2023 en það er gefið út með fyrirvara um fjölgun á deildum.

1. og 2. deild synða saman í mótshlutum en í aðskildum greinum.

Skráningum skal skilað á rafrænu formi í tölvupósti - sundmot@iceswim.is

Allar nánari upplýsingar, tímaáætlun, skráningarform, starfsmannaskjal og reglur má finna á síðu bikarkeppninnar á vefsíðu Sundsambands Íslands

Föstudagur 20. desember e.h.	Laugardagur 21. desember f.h.	Laugardagur 21. desember e.h.
Fyrsti hluti Upphitun 16:30 Keppni 17:30 – 20:00 Mæting starfsmanna 16:30	Annar hluti Upphitun 8:30 Keppni 9:30 – 12:00 Mæting starfsmanna 08:30	Þriðji hluti Upphitun 15:30 Keppni 16:30-19:00 Mæting starfsmanna 15:30
<ol style="list-style-type: none">1. 200m fjórsund karla101. 200m fjórsund karla2. 200m fjórsund kvenna102. 200m fjórsund kvenna3. 100m skriðsund karla4. 100m skriðsund kvenna5. 100m baksund karla6. 100m baksund kvenna7. 400m skriðsund karla8. 400m skriðsund kvenna9. 4x100m fjór boðsund karla10. 4x100m fjór boðsund kvenna	<ol style="list-style-type: none">11. 200m flugsund karla12. 200m flugsund kvenna13. 100m bringusund karla14. 100m bringusund kvenna15. 200m baksund karla16. 200m baksund kvenna17. 1500m skriðsund karla18. 800m skriðsund kvenna	<ol style="list-style-type: none">19. 200m skriðsund karla20. 200m skriðsund kvenna21. 200m bringusund karla22. 200m bringusund kvenna23. 100m flugsund karla24. 100m flugsund kvenna25. 400m fjórsund karla26. 400m fjórsund kvenna27. 4x100m skrið boðsund karla28. 4x100m skrið boðsund kvenna

*Athugið að tímaáætlun getur breyst lítillega með skömmum fyrirvara.

Tekið er á móti skráningum og veittar nánari upplýsingar í gegnum netfangið sundmot@iceswim.is

Einnig veitir Leifur Guðni Grétarsson nánari upplýsingar í síma 849 1256

